

## **Bild: Varoufakis er á förum sem fjármálaráðherra - ráðherrann segir þetta úr lausu lofti gripið**

**Eftir Björn Bjarnason**

Þýska blaðið Bild sagði frá því föstudaginn 27. mars að Yanis Varoufakis, fjármálaráðherra Grikklands, íhugaði afsögn sína. Ráðherrann brást fljótt við og sagði á Twitter-síðu sinni að þetta væri tal úr lausu lofti gripið – orðrómur færi alltaf af stað þegar til tíðinda drægi í skuldaviðræðum og væri „á sinn hátt skemmtiefni“.

Fulltrúi grísku ríkisstjórnarinnar sagði þetta úr lausu lofti gripið og fullyrti við Reuters-fréttastofuna: „Ekkert af þessu er satt, þetta er víðsfjarri raunveruleikanum.“

Frétt Bild var birt undir fyrirsögninni: Ætlar gríski ráðherrann að spara sjálfan sig? Með þessu er hæðst að vandræðagangi grísku ríkisstjórnarinnar við að leggja fram sparnaðartillögur í evru-ráðherrahópnum til að þar verði samþykkt að þeir fái fyrirgreiðslu fyrir 8. apríl. Í Bild segir að blaðið reisi frétt sína á heimildum innan gríska stjórnkerfisins.

„Það er aðeins spurning um tíma að Varoufakis hætti,“ sagði ónafngreindur heimildarmaður í Aþenu við blaðið. „Þetta er afráðið. Það mun auðvelda samskiptin við ESB, einum Þjóðverja.“

Varoufakis situr ekki á gríska þinginu en varð fjármálaráðherra eftir sigur Syriza, bandalags róttækra vinstri flokka í þingkosningum 25. janúar. Hann hefur síðan rætt við forráðamenn ESB og ESB-ríkja um leið út úr skuldavanda Grikkja án þess að hafa lagt fram viðunandi tillögur um aðgerðir í grískum efnahags- og ríkisfjármálum. Hann hefur lent upp á kant við marga, einkum Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands.

Fréttir herma að á grískum frídegi miðvikudaginn 25. mars hafi Varoufakis stillt sér upp til myndatöku með hópi stuðningsmanna sinna og þá hafi einn þeirra kallað til hans: „Haltu áfram á sömu braut!“ og ráðherrann svarað: „Ekki bara styðja mig núna. Styðjið mig þegar upp úr sýður.“ Hafi þetta ýtt undir sögusagnir um brottrekstur hans.

Bild segir að í Aþenu líti menn nú þegar á Varoufakis sem gallagrip og framkoma hans í garð Þjóðverja og Brusselmenn hafi spillt sambandi hans við Alexis Tsipras forsætisráðherra.

Deutsche Welle segir að hið hægrisinnaða Bild hafi lengi reynt að gera lítið úr gríska fjármálaráðherranum og meðal annars kallað hann „lygaráðherrann“ í tengslum við myndband sem átti að sýna að hann lyfti löngutöng í óvirðingarskyni þegar hann minntist á Þýskaland í fyrirlestri í Zagreb árið 2013. Varoufakis segir að myndbandið sé falsað.